

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2011****2011/EES/65/06****frá 30. september 2011****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/884/EB frá 30. nóvember 2009 um breytingu á ákvörðun 2007/116/EB með tilliti til þess að fjölga fráteknum númerum sem byrja á „116“ ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5cx (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/116/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„– **32009 D 0884**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/884/EB frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 317, 3.12.2009, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/884/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 50, og EES-viðbætur nr. 54, 6.10.2011, bls. 63.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 317, 3.12.2009, bls. 46.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.